

Hagar hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
1. mars til 31. ágúst 2019

Hagar hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

Kt. 670203-2120

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hagar hf. er verslunarfyrirtæki með starfsemi á Íslandi.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2019 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar.

Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Áhrif af rekstri Olís og DGV á samstæðuna komu fyrst fram þann 1. desember 2018, þ.e. í upphafi fjórða ársfjórðungs 2018/19. Samanburðarfjárhæðum fyrri tímabila hefur ekki verið breytt og innifela þær því ekki rekstraráhrif af hinum nýju félögum.

Þann 1. mars 2019 var innleiddur alþjóðlegur reikningsskilastaðall IFRS 16 Leigusamningar í reikningsskil samstæðunnar. Samkvæmt nýja staðlinum er eign (réttur til að nota hina leigðu eign) og skuld vegna greiðslu leigu færð í efnahagsreikning. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 14.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 1.721 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 60.031 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins nam 23.824 millj. kr. og var eiginfjárlutfall 39,7%.

Endurfjármögnun samstæðunnar

Undanfarin misseri hefur verið unnið að endurfjármögnun samstæðunnar en um 7 ma.kr. greiðslur af lánum, sem voru á gjalddaga í október og nóvember 2019, voru greiddar 7. október sl. Í október lauk félagið við skuldabréfaútbod þar sem gefin eru út skuldabréf í verðtryggðum flokki annars vegar að nafnvirði 5,5 ma.kr. og hins vegar í óverðtryggðum flokki að nafnvirði 2,5 ma.kr. Auk þess hefur félagið tryggt sér fjármögnun í formi lánalína að fjárhæð 4,5 ma.kr. og USD 12,5 millj. til að mæta skammtímasveiflum í rekstri. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 10.

Hlutfé og hluthafar

Skráð hlutfé félagsins nam í lok tímabilsins 1.213 millj.kr. en félagið á eigin hluti að nafnvirði 11 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnvirði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda.

Hluthafar voru 676 í byrjun tímabilsins og 706 í lok þess.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2019, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. ágúst 2019 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2019 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 29. október 2019

Stjórn:

Erna Gísladóttir

David Harðarson

Katrín Olga Jóhannesdóttir

Eiríkur S. Jóhannsson

Stefán Árni Auðólfsson

Forstjóri:

Finnur Árnason

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Haga hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning samstæðu Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2019. Samandregni árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 29. október 2019

PricewaterhouseCoopers ehf.

Bryndís Björk Guðjónsdóttir

Vignir Rafn Gíslason

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. mars til 31. ágúst 2019

	Skýr.	Annar ársfjórðungur		Fyrri árshelmingur	
		2019	2018	2019	2018
		1.6.-31.8. *	1.6.-31.8. *	1.3.-31.8.	1.3.-31.8.
Vörusala		30.914	19.142	59.504	37.734
Kostnaðarverð seldra vara		(24.244)	(14.579)	(46.402)	(28.579)
Framlegð		6.670	4.563	13.102	9.155
Aðrar rekstrartekjur		156	50	264	106
Laun og launatengd gjöld		(2.965)	(1.951)	(6.023)	(4.005)
Annar rekstrarkostnaður		(1.372)	(1.479)	(2.820)	(2.880)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		2.489	1.183	4.523	2.376
Afskriftir	7	(936)	(256)	(1.869)	(505)
Rekstrarhagnaður		1.553	927	2.654	1.871
Fjármunatekjur		57	7	113	21
Fjármagnsgjöld		(374)	(49)	(728)	(97)
Hrein fjármagnsgjöld	8	(317)	(42)	(615)	(76)
Áhrif hlutdeildarfélaganna		67	0	90	0
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.303	885	2.129	1.795
Tekjuskattur		(247)	(177)	(408)	(359)
Heildarhagnaður tímabilsins		1.056	708	1.721	1.436
Hagnaður á hlut:					
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut		0,87	0,64	1,42	1,30
Starfspáttayfirlit, skýring	16				

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

* Ekki kannað

Efnahagsreikningur 31. ágúst 2019

	Skýr.	31.8.2019	28.2.2019
Eignir			
Rekstrarfjármunir		20.016	19.430
Fjárfestingarfasteignir		3.888	3.863
Óefnislegar eignir		10.301	10.323
Leigueignir	14	9.155	0
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		1.159	1.171
Eignarhlutir í öðrum félögum		39	39
Skuldabréfaeign		82	70
Fastafjármunir samtals		<u>44.640</u>	<u>34.896</u>
Eignir til sölu		0	430
Vörubirgðir	9	7.868	7.746
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		3.858	3.212
Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur		906	3.831
Handbært fé		2.759	736
Veltufjármunir samtals		<u>15.391</u>	<u>15.955</u>
Eignir samtals		<u>60.031</u>	<u>50.851</u>
Eigið fé			
Hlutfé		1.202	1.213
Yfirverðsreikningur hlutfjár		4.570	5.023
Lögbundinn varasjóður		301	303
Bundinn hlutdeildarreikningur		4.430	5.092
Óráðstafað eigið fé		13.321	12.648
Eigið fé samtals		<u>23.824</u>	<u>24.279</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	10	4.476	4.594
Leiguskuldir	14	8.269	0
Tekjuskattsskuldbinding		2.959	2.283
Langtímaskuldir samtals		<u>15.704</u>	<u>6.877</u>
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	10	7.037	7.631
Skuldir við lánastofnanir	10	0	800
Tekjuskattur til greiðslu		788	653
Leiguskuldir	14	1.556	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	11	10.898	10.309
Skuldbindingar		224	302
Skammtímaskuldir samtals		<u>20.503</u>	<u>19.695</u>
Skuldir samtals		<u>36.207</u>	<u>26.572</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>60.031</u>	<u>50.851</u>
Aðrar upplýsingar, skýringar	12,13,15		

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Eiginfjáryfirlit

1. mars til 31. ágúst 2019

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutfjár	Lög- bundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. ágúst 2019						
Eigið fé 1. mars 2019	1.213	5.023	303	5.092	12.648	24.279
IFRS 16, áhrif innleiðingar					(554)	(554)
Endurkaup á eigin bréfum	(11)	(453)				(464)
Heildarhagnaður tímabilsins					1.721	1.721
Breytingar á varasjóð			(2)		2	0
Greiddur arður, 0,955 kr. á hlut					(1.159)	(1.159)
Flutt af bundnum hlutdeildarreikning				(662)	662	0
Eigið fé 31. ágúst 2019	<u>1.202</u>	<u>4.570</u>	<u>301</u>	<u>4.430</u>	<u>13.321</u>	<u>23.824</u>
Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. ágúst 2018						
Eigið fé 1. mars 2018	1.103	0	239	3.664	12.951	17.957
Heildarhagnaður tímabilsins					1.436	1.436
Tillag í varasjóð			37		(37)	0
Greiddur arður, 1,024 kr. á hlut					(1.129)	(1.129)
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning				808	(808)	0
Eigið fé 31. ágúst 2018	<u>1.103</u>	<u>0</u>	<u>276</u>	<u>4.472</u>	<u>12.413</u>	<u>18.264</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit

1. mars til 31. ágúst 2019

	Skýr.	Annar ársfjórðungur		Fyrri árshelmingur	
		2019 1.6.-31.8. *	2018 1.6.-31.8. *	2019 1.3.-31.8.	2018 1.3.-31.8.
Rekstrarhreyfingar					
Hagnaður tímabilsins		1.056	708	1.721	1.436
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Söluhagnaður rekstrarfjármuna		(23)	0	(30)	(1)
Afskriftir	7	936	256	1.869	505
Hrein fjármagnsgjöld	8	317	42	615	76
Aðrir liðir		(46)	0	(46)	0
Áhrif hlutdeildarféлага		(67)	0	(90)	0
Tekjuskattur		247	177	408	359
Veltufé frá rekstri		<u>2.420</u>	<u>1.183</u>	<u>4.447</u>	<u>2.375</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum		537	(216)	2.631	(1.034)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum		(54)	781	1.240	1.223
Handbært fé fyrir vexti og tekjuskatt		<u>2.903</u>	<u>1.748</u>	<u>8.318</u>	<u>2.564</u>
Innheimtar vaxtatekjur		29	8	54	20
Greidd vaxtagjöld		(373)	(50)	(729)	(95)
Greiddur tekjuskattur		(117)	(233)	(234)	(466)
Handbært fé frá rekstri		<u>2.442</u>	<u>1.473</u>	<u>7.409</u>	<u>2.023</u>
Fjárfestingarhreyfingar					
Fjárfesting í fasteignum		(337)	79	(343)	(42)
Fjárfesting í fjárfestingarfasteignum		18	0	(33)	0
Fjárfesting í áhöldum og innréttingum		(522)	(248)	(1.250)	(393)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(3)	(6)	(5)	43
Söluverð áhalda og innréttinga		41	5	54	15
Skuldabréfaeign, breyting		13	0	(23)	0
Móttekin arður		102	0	102	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(688)</u>	<u>(170)</u>	<u>(1.498)</u>	<u>(377)</u>
Fjármögnunarhreyfingar					
Afborganir langtímalána		(473)	(193)	(712)	(385)
Breyting á lánalínu		(250)	0	(800)	0
Greiddur arður		(1.159)	(1.129)	(1.159)	(1.129)
Keypt eigin bréf		(464)	0	(464)	0
Leiguskuld afborganir	14	(363)	0	(753)	0
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(2.709)</u>	<u>(1.322)</u>	<u>(3.888)</u>	<u>(1.514)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(955)	(19)	2.023	132
Handbært fé í upphafi tímabils		<u>3.714</u>	<u>373</u>	<u>736</u>	<u>222</u>
Handbært fé í lok tímabils		<u>2.759</u>	<u>354</u>	<u>2.759</u>	<u>354</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

* Ekki kannað

Skýringar

1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hagasmára 1, Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars 2019 til 31. ágúst 2019 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana og sala á eldsneyti. Yfirlit yfir félög í samstæðunni eru í skýringu 12.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2019.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 29. október 2019.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið sem lauk í febrúar 2019. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.hagar.is.

Á reikningsskilatímabilinu tók í gildi nýr alþjóðlegur reikningsskilastaðall um leigusamninga IFRS 16. Gerð er grein fyrir áhrifum innleiðingar staðalsins í skýringu 14.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttir samstæðunnar eru tveir, verslanir og vöruhús annars vegar og Olís hins vegar. Starfsemi verslana og vöruhúsa, þ.e. rekstur þeirra félaga sem mynduðu samstæðuna fyrir samruna Haga og Olís, er nær eingöngu í smásöluverkstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur hafa hingað til metið smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásöluverkstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfspáttayfirlits. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist.

Starfspáttayfirlitið má finna í skýringu 16.

6. Viðskiptavild

Engar vísbendingar voru um virðisrýrnun viðskiptavildar þann 31. ágúst 2019 og vegna þess var virðisrýrnunarpróf ekki framkvæmt.

Skýringar, frh.:

7. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	2019	2018
	1.3.-31.8.	1.3.-31.8.
Afskriftir rekstrarfjármuna	1.008	472
Afskriftir fjárfestingarfasteigna	47	16
Afskriftir leigueigna	777	0
Afskriftir óefnislegra eigna	37	17
Afskriftir samtals	<u>1.869</u>	<u>505</u>

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2019	2018
	1.3.-31.8.	1.3.-31.8.
Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum	58	20
Gengishagnaður	55	1
Fjármunatekjur samtals	<u>113</u>	<u>21</u>
Vaxtagjöld og verðbætur	(492)	(97)
Vaxtagjöld leiguskuldur	(236)	0
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(728)</u>	<u>(97)</u>
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(615)</u>	<u>(76)</u>

9. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:	31.8.2019	28.2.2019
Matvara	3.658	4.067
Sérvara	1.802	1.740
Eldsneyti	2.043	1.668
Vörur í flutningi	365	271
Vörubirgðir samtals	<u>7.868</u>	<u>7.746</u>
Niðurfærsla birgða í lok tímabils	180	183

10. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:	Vegið meðaltal vaxta		Eftirstöðvar	Eftirstöðvar
	31.8.2019	28.2.2019	31.8.2019	28.2.2019
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	4,98%	5,58%	11.513	12.225
Lánalína		6,20%	0	800
Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun			11.513	13.025
Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda			(7.037)	(8.431)
Langtímaskuldir samtals			<u>4.476</u>	<u>4.594</u>

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Afborganir innan árs	7.037	8.431
Afborganir eftir 1 til 2 ár	232	223
Afborganir eftir 2 til 3 ár	238	230
Afborganir eftir 3 til 4 ár	245	236
Afborganir síðar	3.761	3.905
Samtals	<u>11.513</u>	<u>13.025</u>

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

Skýringar, frh.:

10. Vaxtaberandi skuldir, frh.

Undanfarin misseri hefur verið unnið að endurfjármögnun samstæðunnar en um 7 ma.kr. greiðslur af lánum, sem voru á gjalddaga í október og nóvember 2019, voru greiddar 7. október sl. Í október lauk félagið við skuldabréfaútböð þar sem gefin eru út skuldabréf í verðtryggðum flokki annars vegar að nafnvirði 5,5 ma.kr. og hins vegar í óverðtryggðum flokki að nafnvirði 2,5 ma.kr. Auk þess hefur félagið tryggt sér fjármögnun í formi lánalína að fjárhæð 4,5 ma.kr. og USD 12,5 millj. til að mæta skammtímasveiflum í rekstri. Hin nýju bréf verða tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland innan 6 mánaða.

Verðtryggði skuldabréfaflokkurinn ber fasta 2,8% verðtryggða vexti en flokkurinn er tryggður með veði í lykilmasteignum Haga. Hann er til 10 ára með jöfnum afborgunum á 3 mánaða fresti. Endurgreiðsluferli afborgana fylgir 30 ára greiðsluferli. Flokkurinn er stækkanlegur í allt að 15 ma.kr. Óverðtryggði skuldabréfaflokkurinn ber fasta 4,65% vexti og er tryggður með veði í þróunareignum Haga. Hann er til 2 ára með einum gjalddaga höfuðstóls. Vextir greiðast á 3 mánaða fresti.

11. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

31.8.2019

28.2.2019

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Viðskiptaskuldir	9.831	7.499
Aðrar skammtímaskuldir	1.067	2.810
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	10.898	10.309

12. Félög í samstæðu

Dótturfélög félagsins í lok tímabilsins voru fimm. Dótturfélögin í samstæðuárshlutareikningnum eru eftirfarandi:

	Staðsetning	Eignarhlutur	
		31.8.2019	28.2.2019
Hagar verslanir ehf.	Ísland	100%	100%
Banar ehf.	Ísland	100%	100%
Ferskar kjötvörur ehf.	Ísland	100%	100%
Noron ehf.	Ísland	100%	100%
Olíuverzlun Íslands ehf. (Olís)	Ísland	100%	100%
DGV ehf.	Ísland	0%	100%

DGV ehf. sameinaðist móðurfélaginu þann 1. mars 2019.

Hlutir móðurfélagsins í Högum verslunum ehf., Bönunum ehf., Ferskum kjötvörum ehf. og Noron ehf. eru veðsettir vegna vaxtaberandi skulda.

13. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

Efnahagsreikningur:

31.8.2019

28.2.2019

Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,75	0,81
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildareignir	39,7%	47,7%
Innra virði hlutfjár	19,82	20,02

14. IFRS 16 Leigusamningar

Eðli breytinganna

Alþjóðlegi reikningsskilastaðallinn IFRS 16 Leigusamningar var gefinn út í janúar 2016 og var innleiddur í reikningsskil samstæðunnar frá 1. mars 2019. Staðallinn leiðir til þess að nánast allir leigusamningar eru færðir í efnahagsreikningi leigutaka vegna þess að meðferð rekstrar- og fjármögnunarleigusamninga er ekki lengur mismunandi. Samkvæmt nýja staðlinum er eign (réttur til að nota hina leigðu eign) og skuld vegna greiðslu leigu færð í efnahagsreikning.

Skýringar, frh.:

14. IFRS 16 Leigusamningar , frh.

Áhrif

Samstæðan hefur farið yfir alla leigusamninga sína með tilliti til þessara nýju reikningsskilareglna samkvæmt IFRS 16. Staðallinn mun fyrst og fremst hafa áhrif á rekstrarleigusamninga samstæðunnar.

Félagið beitir afturvirkri innleiðingu að hluta, þannig að samanburðarfjárhæðir eru ekki endurgerðar og uppsöfnuð áhrif vegna innleiðingarinnar eru færð á eigið fé við innleiðinguna 1. mars 2019. Fasteignir til afnota voru metnar við innleiðinguna eins og nýja staðlinum hafi alltaf verið beitt.

Leigugeignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigugeignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar. Við útreikning fjárhæða leigugeigna og leiguskulda var lagt mat á leigutíma og vexti á nýju lánsfé enda var ekki unnt að ákvarða innbyggða vexti í leigusamningum með áreiðanlegum hætti. Vegnir meðalvextir voru ákvarðaðir 5,45%. Við mat á leigutíma er horft til samningstíma, að teknu tilliti til áforma stjórnenda.

Þann 1. mars 2019 færði samstæðan leigusamninga með eftirfarandi hætti:

Leigugeign við upptöku IFRS 16	9.531
Leiguskuld við upptöku IFRS 16	(10.223)
Áhrif upptöku IFRS 16 til lækkunar á eigin fé	554
Áhrif upptöku IFRS 16 til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu	138

Áhrif á reikningskilatímabilinu

Leigugeignir

Leigugeignir eru upphaflega færðar í efnahagsreikning á upphafsdegi leigusamninga og metnar á kostnaðarverði. Þær eru síðan færðar í samræmi við ákvæði IFRS 16, að teknu tilliti til afskrifta, virðisrýrnunar og leiðréttinga vegna endurmats leiguskulda, eftir því sem við á. Leigugeignir eru sérgreindar í efnahagsreikningi meðal fastafjármuna.

Leigugeignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

Leigugeignir 1. mars 2019	9.531
Nýir samningar á tímabilinu	226
Breyting vegna endurmats á leiguskuldum	129
Afskriftir tímabilsins	(777)
Aðrar breytingar samninga á tímabilinu	46
Leigugeignir 31. ágúst 2019	<u>9.155</u>

Leiguskuldir

Leiguskuldir eru upphaflega færðar í efnahagsreikning á upphafsdegi leigusamninga og metnar miðað við núvirði leigugreiðslna sem eru ógreiddar á hverjum tíma. Leigugreiðslur eru núvirtar á áætluðum nýtingartíma með vöxtum samstæðunnar á nýju lánsfé á hverjum tíma.

Eftir upphaflega færslu er bókfært verð leiguskulda hækkað vegna vaxtagjalda og lækkað vegna afborgunarhluta leigugreiðslna. Bókfært verð er jafnframt endurmetið þegar breyting verður á framtíðarleigugreiðslum vegna breytinga á vísitölu, á mati á þeirri fjárhæð sem vænst er að þurfi að greiða á grundvelli hrakvirðistryggingar, eða þegar við á, breytinga á mati á því hvort nokkuð víst er að kaupheimild eða framlengingarheimild verði nýtt eða að uppsagnarheimild verði ekki nýtt. Leigugreiðslum er skipt í vaxtahluta annars vegar og afborgunarhluta leiguskulda hins vegar. Vaxtahluti leigugreiðslna fer almennt lækkandi eftir því sem líður á leigutíma. Leiguskuldir eru sérgreindar í efnahagsreikningi og skipt í langtíma- og skammtímahluta. Leigusamningar sem renna út innan 12 mánaða, og stjórnendur hyggast ekki framlengja, eru ekki teknir með í útreikning á leigugeign og leiguskuld. Leigusamningar þar sem kjör eru breytileg eru ekki færð til eignar eða skuldar skv. ákvæði staðalsins. Um er að ræða óverulegar fjárhæðir sem færðar eru til gjalda meðal annars rekstrarkostnaðar í rekstrarreikningi.

Skýringar, frh.:

14. IFRS 16 Leigusamningar , frh.

Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

Leiguskuldir 1. mars 2019	10.223
Nýir samningar á tímabilinu	226
Afborgunarpáttur leigugreiðslna	(753)
Breyting vegna endurmats á leiguskuldum	129
Leiguskuldir 31. ágúst 2019	<u>9.825</u>
	31.8.2019
Afborganir innan árs	1.556
Afborganir eftir 1 til 2 ár	1.380
Afborganir eftir 2 til 3 ár	1.276
Afborganir eftir 3 til 4 ár	1.062
Afborganir eftir 4 til 5 ár	798
Afborganir síðar	<u>3.753</u>
Samtals	<u>9.825</u>

Áhrif á rekstrarreikning

Vegna færslu leigusamninga samkvæmt IFRS 16 hefur samstæðan fært í rekstrarreikning á tímabilinu afskriftir að fjárhæð 777 millj. kr. og vaxtagjöld að fjárhæð 236 millj. kr. Beiting IFRS 16 á fyrri árshelmingi leiðir til þess að EBITDA tímabilsins er 1.036 millj. kr. hærrí en hefði verið ef fyrri reikningsskilaaðferðum vegna leigusamninga hefði verið beitt áfram.

15. Önnur mál

Þann 30. ágúst 2019 samþykkti Samkeppniseftirlitið samruna Haga hf. og Reykjavíkur Apóteks ehf. Afhending og greiðsla kaupverðs fór fram þann 5. september sl. Áhrif kaupanna á rekstrarreikning og efnahagsreikning Haga hf. munu því ekki koma fram fyrr en á þriðja ársfjórðungi.

Þann 29. apríl 2019 skrifaði Olís undir kaupsamning um kaup á öllu hlutafé í Mjöll Frigg ehf. Kaupsamningurinn var undirritaður með fyrirvara um niðurstöðu áreiðanleikakönnunar og um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Fyrirvara um niðurstöðu áreiðanleikakönnunar hefur verið aflétt en enn er beðið niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins.

Skýringar, frh.:

16. Starfspáttayfirlit

Fyrri árs helmingur 2019/20	Verslanir og vöruhús		Jöfnunar-færslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
	1.3.19-31.8.19	Olís 1.3.19-31.8.19			
Vörusala	39.212	20.326	(34)	0	59.504
Aðrar rekstrartekjur	231	33	0	0	264
Heildartekjur starfspáttá	39.443	20.359	(34)	0	59.768
Heildarrekrargjöld starfspáttá	(37.167)	(19.148)	34	1.036	(55.245)
EBITDA starfspáttá	2.276	1.211	0	1.036	4.523
Afskriftir starfspáttá	(699)	(393)	0	(777)	(1.869)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	90	0	0	90
Rekstrarafkoma starfspáttá	1.577	908	0	259	2.744
Hrein fjármagnsgjöld	(255)	(124)	0	(236)	(615)
Tekjuskattur					(408)
Hagnaður tímabilsins					1.721
31. ágúst 2019					
Eignir starfspáttá	32.182	18.694	0	9.155	60.031
Eignir samtals					60.031
Skuldir starfspáttá	16.227	10.155	0	9.825	36.207
Skuldir samtals					36.207
Fjárfestingar starfspáttá	(835)	(742)	0	0	(1.577)
Fyrri árs helmingur 2018/19					
Vörusala	37.734	0	0	0	37.734
Aðrar rekstrartekjur	106	0	0	0	106
Heildartekjur starfspáttá	37.840	0	0	0	37.840
Heildarrekrargjöld starfspáttá	(35.464)	0	0	0	(35.464)
EBITDA starfspáttá	2.376	0	0	0	2.376
Afskriftir starfspáttá	(505)	0	0	0	(505)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	0	0	0
Rekstrarafkoma starfspáttá	1.871	0	0	0	1.871
Hrein fjármagnsgjöld	(76)	0	0	0	(76)
Tekjuskattur					(359)
Hagnaður tímabilsins					1.436
31. ágúst 2018					
Eignir starfspáttá	30.424	0	0	0	30.424
Eignir samtals					30.424
Skuldir starfspáttá	12.160	0	0	0	12.160
Skuldir samtals					12.160
Fjárfestingar starfspáttá	(377)	0	0	0	(377)

* Stjórnendaupplýsingar vegna starfspáttá taka ekki mið af beitingu IFRS 16